

Skeljungur: Árshlutauppgjör fyrsti ársfjórðungur 2019

Góð byrjun á árinu.

Helstu lykiltölur og niðurstöður

- Hagnaður á hlut var 0,20 sem er sami hagnaður á hlut og á sama tímabili í fyrra.
- Framlegð nam 2.107 m.kr. og hækkar um 20,7% frá fyrsta ársfjórðungi 2018.
- EBITDA nam 892 m.kr. sem er 9,4% hækkun frá sama tímabili ársins 2018.
- Aðlöguð EBITDA var 848 m.kr. og hækkar um 19,0% frá sama tímabili ársins 2018.*
- EBITDA framlegð var 42,3% miðað við 46,7% á sama tímabili í fyrra.
- Hagnaður eftir skatta nam 411 m.kr. samanborið við 416 m.kr. á sama tímabili í fyrra sem er 1,2% lækkun milli ára.
- Arðsemi eigin fjár, á ársgrundvelli, var 19,0% samanborið við 22,6% á fyrsta ársfjórðungi 2018.
- Eigið fé í lok tímabilsins nam 9.369 m.kr. og eiginfjárlutfall var 36,0%.
- Félagið áætlað að EBITDA ársins 2019, án áhrifa vegna IFRS 16, verði á bilinu 3.000-3.200 m.kr. og fjárfestingar liggi á bilinu 800-900 m.kr.

* Leiðrétt var fyrir jákvæðum áhrifum vegna IFRS 16 á ársfjórðungnum 2019 um 44 m.kr. og fyrir ein-skiptishagnaði á ársfjórðungnum 2018 um 103 m.kr.

Tölulegur samanburður

	2019	2018	
m.kr.	Q1	Q1	%
Framlegð	2.107	1.746	20,7%
EBITDA	892	815	9,4%
EBIT	631	617	2,2%
Hagnaður	411	416	-1,2%
EBITDA	42,3%	46,7%	
EBIT	29,9%	35,3%	
Launakostn./framlegð	28,8%	26,3%	
Sölu og dreif.kostn./framlegð	23,4%	28,6%	
Rekstrarkostnaður./framlegð	59,6%	62,0%	
Arðsemi eiginfjár (ársgrundvelli)	19,0%	22,6%	

Horfur fyrir árið 2019

Horfur fyrir félagið eru óbreyttar og áætlað félagið að EBITDA ársins 2019 verði á bilinu 3.000-3.200 m.kr. án áhrifa vegna IFRS 16 og 3.200-3.400 m.kr. með áhrifum IFRS 16. Gert er ráð fyrir að fjárfestingar liggi á bilinu 800-900 m.kr..

Í afkomuspá félagsins er gert ráð fyrir stöðugu gengi gjaldmiðla og stöðugu olíuverði. Bent er á að við umreikning reikningskila er notast við meðalgengi innan ársins. Áætlanir félagsins miða við meðalgengi DKK/ISK 18,1.

Hendrik Egholm, forstjóri Skeljungs:

Við erum ánægð með uppgjör fyrsta ársfjórðungs. Reksturinn gengur vel á öllum lykilmörkuðum, þ.e. á Íslandi, í Færeyjum og í alþjóðasölunni. Það er einn af styrkleikum félagsins að starfa á fleiri mörkuðum en þeir eru allir að skila góðri afkomu. Vel hefur einnig gengið að halda kostnaði í skefjum, þrátt fyrir aukinn launa- og kostnaðarþrýsting bæði á Íslandi og í Færeyjum. Til marks um það eykst aðlagður hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði um 19,0%, miðað við fyrsta ársfjórðung árið 2018. Áhersla okkar er eftir sem áður á skilvirkni í rekstri. Eins og síðustu uppgjör sýna hefur okkur orðið afar ágengt hvað það varðar en við erum þar hvergi nærri hætt og vinnum að stöðugum umbótum.

Í lok mars var gengið frá samningum um endurfjármögnun á öllum vaxtaberandi lánum félagsins í USD og ISK og skipt um viðskiptabanka á Íslandi. Endurfjármögnunin kom til í kjölfar ákvörðunar þáverandi viðskiptabanka félagsins um að nýta heimild í samningum til hækkunar á vaxtaálagi. Markmiðið með endurfjármögnuninni var að lækka vaxtakostnað og draga frekar úr gjald- eyrisáhættu. Lántakan mun ekki hafa veruleg áhrif á fjármagnskostnað, endurgreiðsluferil lána né aðra skilmála frá því sem nú er.

Það er einnig ánægjulegt að greina frá því að ný samfélagsábyrgðarstefna Skeljungs, sem snýr að því að takmarka neikvætt fótspor félagsins, er farin að færast úr orðum yfir í aðgerðir. Líkt og áður hefur verið greint frá fjárfesti félagið á árinu 2018 í færeysku fyrirtæki, sem er leiðandi í sölu á umhverfisvænum húshitunarbúnaði. Fyrsta fjölorkustöð landsins, og þótt víðar væri leitað, var síðan opnuð með viðhöfn í mánuðinum af forseta Íslands. Stöðin, sem staðsett er við Miklubraut í Reykjavík, býður viðskiptavinum upp á rafmagn, metan og vetni, auk jarðefnaeldsneytis. Þá var í sömu viku undirritaður samningur við Votlendissjóðinn, um kolefnisjöfnun alls reksturs Skeljungs á Íslandi til þriggja ára. Þar að auki snýr samningurinn að því að Skeljungur geri viðskiptavinum sínum kleift, með einföldum hætti við kaup á jarðefnaeldsneyti á dælu, að kolefnisjafna kaup sín. Votlendissjóðurinn vinnur að því að endurheimta votlendi og þannig stöðva losun á gróðurhúsalofttegundum frá framræstu votlendi, sem nemur um 66% af allri losun Íslands. Við erum stolt af þessum framfaraskrefum okkar og sýnum með þessu að Skeljungur tekur samfélagsábyrgðarmál sín inn í reksturinn og sameinar þannig hagsmuni félagsins og samfélagsins.

Skeljungur stendur mjög vel bæði fjárhagslega og rekstrarlega, sem gerir félaginu kleift að skila til baka til samfélagsins, og það er okkar metnaður að tryggja að svo verði áfram.

Kynningarfundur

Opinn kynningarfundur vegna ársuppgjörs félagsins verður haldinn þann 22. maí í höfuðstöðvum Skeljungs, Borgartúni 26, 8. hæð, 105 Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 08:30 en boðið verður upp á léttar veitingar frá kl. 08:15. Á fundinum munu Hendrik Egholm, forstjóri, og Benedikt Ólafsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, kynna uppgjörið og helstu þætti úr rekstrinum, auk þess sem spurningum fundargesta verður svarað.

Fundinum verður netvarpað beint hér: <https://global.gotomeeting.com/join/463251261>. Vakin er athygli á því að nafn þáttakenda í netvarpinu mun birtast á skjá fundarins.

Kynningin er meðfylgjandi, auk þess sem upptaka og kynningarefni frá fundinum verður gert aðgengilegt á vefsíðu Skeljungs, www.skeljungur.is/um-skeljung/fjarfestar/.

Fjárhagsdagatal 2019

Uppgjör 2F 2019: **27. ágúst 2019**

Uppgjör 3F 2019: **12. nóvember 2019**

Uppgjör 4F 2019 og ársuppgjör 2019: **25. febrúar 2020**

Aðalfundur 2020: **24. mars 2020**

Dagsetningarnar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

Árshlutareikningur fyrsta ársfjórðungs 2019

Helstu atriði í tilkynningu þessari eru unnin upp úr árshlutareikningi félagsins, sem samþykktur var af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 21. maí 2019.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins, móðurfélagsreikning félagsins og dótturfélaga þess. Reikningarnir eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Til nánari upplýsinga er vísað til reikningsins sem er meðfylgjandi tilkynningu þessari.

* * *

Nánari upplýsingar veitir Hendrik Egholm, forstjóri; fjarfestar@skeljungur.is, s: 444-3000 / 840-3002.

Skeljungur er orkufyrirtæki sem selur vörur og þjónustu á Íslandi, í Færeyjum og á Norður-Atlantshafinu. Meginstarfsemi félagsins er innflutningur, birgðahald, sala og dreifing á eldsneyti og eldsneytistengdum vörum. Félagið starfrækir 76 eldsneytisstöðvar og 6 birgðastöðvar á Íslandi og í Færeyjum. Auk þess rekur selur félagið áburð og og efnavörur á Íslandi og rekur verslanir og þjónustar og selur olíu til húshitunar í Færeyjum. Viðskiptavinir Skeljungs spanna frá einstaklingum til fyrirtækja, í sjávarútvegi, landbúnaði, flutningum, flugi og til verktaka. Starfsemi er rekin undir merkjunum Skeljungur, Orkan, OrkanX og Magn. Meginmarkmið Skeljungs er að að þjóna orkuþörf einstaklinga og fyrirtækja á hagkvæman og öruggan máta í sátt við umhverfi sitt.

www.skeljungur.is

<https://www.linkedin.com/company/skeljungur-hf/>